

## Fundur í Fagráði loftræsikerfa nr. 4 tímabilið 2011-2012

<b>Fundarefni:</b>	Ný Byggingarreglugerð og DS 428		
<b>Fundardagur:</b>	29.02.2012	<b>Fundartími:</b>	16.30 – 18.00
<b>Fundarstaður:</b>	Lagnatækni, Hamraborg 12	<b>Fundarritari:</b>	Kristján Oddur
<b>Fundarmenn:</b>	Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Sigurgeir Þórarinsson (SP) og Kjartan Mar Eiríksson (KME).		
<b>Dreifing:</b>	Fundarmenn, Karl Hákon Karlsson (KHK), Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG), Guðmundur Jónatansson (GJ) og Kristján Ottóson LAFÍ.		

Umræðuefni fundar var fyrst og fremst þau atriði í nýrri byggingarreglugerð sem snúa að lagnamálum. Fundarmenn voru sammála um það að þótt margt jákvætt væri komið inn í reglugerðina væru atriði sem hugsanlega betur mættu fara.

Víða er vitnað í leiðbeiningar Mannvirkjastofnunnar í reglugerðinni um ýmis ákvæði en ekki er ljóst hvenær þær líta dagsins ljós.

Í grein 4.4.6 um Lagnakerfauppdrætti er talað um í næst síðustu málsgrein að skila eigi inn „greinagerð hönnuðar um forsendur og niðurstöður útreikninga“. KOS benti á um leið og það er jákvætt að gera grein fyrir hönnunarforsendum að þá þyrfti hugsanlega að skýra betur hvaða útreikninga og hversu langt eigi að ganga í greinagerðum um þessi mál.

KME benti á atriði í grein 4.5.1 sem kveða á um tilgreiningar á gildum fyrir stillingar á lagnakerfum og var það rætt.

Almenn umræða var um 10 kafla reglugerðarinnar. KOS vakti athygli á tölugildum í grein 10.2.7 um skólabyggingar. Fremst í greininni er talað um að „innblásið ferskloft og útsog skal vera minnst 3l/s fyrir hvert barn og minnst 5 l/s fyrir einstaklinga 6 ára og eldri“. Þetta atriði er komið beint úr dönsku reglugerðinni. Neðst í greininni eru talin upp lágmarksgildi fyrir ákveðin rými. Þar er talað um 4,2 l/s á m<sup>2</sup> í skólastofum. Algengur fjöldi nemenda í skólastofum er 24 (25 með kennara). Algeng stærð skólastofa í grunnskólum er 60m<sup>2</sup>. Því gefa 5l/s p. person alls 125 l/s fyrir skólastofur en lágmarksgildið 4,2l/s p. m<sup>2</sup> alls 252 l/s en þarna er töluverður munur á. SP sagði að alltaf yrði hærra gildið valið.

KOS benti einnig á að hugsanlega kæmu upp vafadæmi um hvenær rými væru skilgreind sem skólastofa eða fyrirlestrarsalur. Mikill munur er gerður á lágmarksgildum fyrir innblástur í þessi rými eða 4,2 l/s m<sup>2</sup> í skólastofu en 11,2 l/s m<sup>2</sup> í fyrirlestrarsal.

KME benti á að fjallað er um útsog frá eldhúsum á tveimur stöðum í reglugerðinni, grein 9.6.13 og grein 14.9.1. Einungis er fjallað um að stokkar skulu vera einangraðir í grein 9.6.13.

SP lagði til þar sem breytingar á nýrri byggingarreglugerð eru eins umfangsmiklar og raun ber vitni, að byggingaryfirvöld myndi ekki loka á þann möguleika að leyfa breytingar og uppfærslu á reglugerðinni í ákveðinn tíma. Fundarmenn tóku undir þetta.

Ljóst var að hægt var að halda mun lengri fund um málefnið og er stefnan sett á næsta fund fagráðsins öðru megin við páska.